

Fundargerð
335. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn 11. janúar 2017, kl 15.30 að Grensásvegi 16.

Fundinn sátu:

Kristín Á Guðmundsdóttir, formaður
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóhanna Traustadóttir, ritari
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

Fundarritun annaðist:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá:

- 1. Fundur settur**
- 2. Fundargerð síðasta fundar**
- 3. Stofnanasamningar**
 - Hvaða stofnananir eru eftir
 - Ríkið
 - Suðurland
 - Suðurnes
 - Norðurland
 - Vestfirðir
 - Heilsugæsla höfuðborgarsvæðis
 - Sjúkratryggingar Íslands
 - Skólar
 - Sjálfseignarstofnanir
 - FAAS
 - Ás styrktarfélag
 - Skálatún
 - MS setrið
 - Spoex
- 4. Stjórnarfundur í Starfsmenntasjóði BSRB**
 - KÁG fer yfir umræðu síðasta fundar
- 5. Vinnufundur Styrktarsjóðs BSRB**
- 6. Fulltrúaþing og stjórnarfundir**
 - Félagsstjórnarfundur 23. febrúar
 - Á fundinum verða m.a. ræddar tillögur sem borist hafa fyrir 1. feb. og fara fyrir laganefnd og þing SLFÍ.
 - Aðild SLFÍ að BSRB
 - Tillögur frá deildum
 - Tillögur frá einstaklingum
 - Bankareikningar fyrir deildar

- Fækkun/breyting á fjölda stjórnarmanna deilda
 - Ákvörðun um fund Trúnaðarmannaráðs haustið 2017
- Félagsstjórnarfundur 11. maí
- 26. Fulltrúaþing SLFÍ 12. maí

7. Fundahöld

- [Fundur með Eir](#) 11. janúar. [Gögn](#)
- Fundur með sjúkraliðum á Ísafold 18. janúar
- Fundur með sjúkraliðum á Hrafnistu Hafnarfirði 19. janúar
- Fundur með sjúkraliðum á Kumbaravogi?
- Fundur með sjúkraliðum á Austurlandi í byrjun febrúar
- Fundur í vinnuhóp um stubbavaktir?
- Fundur vegna lífeyrissjóðsmála með vaktavinnufélögunum?
 - LL og SLFÍ hafa vísað málinu til umræðu í Réttindanefnd BSRB
- Fundur með Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga?

8. Öryggislistar

9. Starfsmat Reykjavíkurborgar

Önnur mál

Dagskrá:

1. Fundur settur

Kristín Á Guðmundsdóttir (KÁG) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund, óskaði stjórnarmönnum gleðilegs árs og bauð velkomna á fyrsta fund ársins.

2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að fundargerð síðasta fundar væri samþykkt og komin á netið.

3. Stofnanasamningar

Farið var yfir að unnið er að stofnanasamningagerð við stofnanir ríkisins og smærri sjálfseignarstofnanir. Stofnanasamningarnir væru unnir í takt við ákvörðun kjaramálanefndar, sem ákvað við gerð miðlæga samningsins að pottarnir sem samið var um fyrir árið 2016 kæmu til hækkunar á lægstu launum sjúkraliða. Samningar hafa ekki náðst við margar stofnanir (HSS, HSU, HSN, HH, Hvest og Sjúkratryggingar Íslands og smærri sjálfseignarstofnanir) þrátt fyrir fjölda funda. Samningar við HH og Sjúkratryggingar Íslands eru í lokavinnslu. Athugasemdir hafa verið sendar á fjármálaráðuneytið vegna tregðu í gerð stofnanasamninga.

Til félagsins hafa leitað sjúkraliðar á nokkrum stofnunum þ.s. búið er að ganga frá stofnanasamningum sem lýst hafa yfir óánægju með áherslur stofnanasamningsins. Búið er að senda tillögur á allar smærri sjálfseignarstofnanirnar, en lítið hefur verið um viðbrögð.

4. Stjórnarfundur í Starfsmenntasjóði BSRB

KÁG gerði grein fyrir síðasta fundi í stjórn Starfsmenntasjóðs BSRB. Á fundinum var farið yfir stöðu sjóðsins og rætt um hvernig hann yrði gerður upp gagnvart þeim félögum sem hafa átt aðilda að honum. Formaður stjórnar sjóðsins gerði grein fyrir að viðbótarframlaginu (0,1%) væri haldið sérstaklega til haga fyrir hvert félag og verði greitt í einu lagi til viðkomandi félags.

5. Vinnufundur Styrktarsjóðs BSRB

KÁG sagði frá vinnufundi Styrktarsjóðs BSRB, sem haldinn var í desember 2016. Farið var yfir þær breytingar sem orðið hafa á styrkreglum sjóðsins. Á fundi sjóðsins voru einnig bornar saman úthlutunarreglur viðlíka sjóða hjá stéttarfélögum.

6. Fulltrúaþing og stjórnarfundir

Farið var yfir nauðsyn þess að skipuleggja næstu fundi félagsstjórnar og þing félagsins á komandi vori og dagsetningar ræddar. Það liggur fyrir að gríðarleg aðsókn er í gistingu á Reykjavíkursvæðinu þannig að nauðsynlegt er að ganga frá gistingu sem allra fyrst. Ákveðið er að næstu félagsstjórnarfundir verði 23. febrúar og 11. maí þá í tengslum við 26. Fulltrúaþing félagsins sem haldið verður 12. maí 2017.

Meðal efnis á fundinum verða tillögur sem lagðar hafa verið fram fyrir 1. febrúar n.k. Þegar liggur fyrir tillaga um að skoða aðild SLFÍ að BSRB. Málið var rætt og ákveðið að skoða það nánar. Einnig þarf að fara yfir væntanlegar tillögur frá deildum, en í umræðunni hefur verið að óska eftir fækkun stjórnarmanna félagsdeilda, opna bankabók í nafni deilda og hugsanlega fleira.

Félagsstjórnarfundurinn 23. febrúar mun taka ákvörðun um dagsetningar haustfunda trúnaðarmannaráðs og félagsstjórnar.

7. Fundahöld

KÁG gerði grein fyrir að framundan væri fjöldi funda með sjúkraliðum og stjórnendum stofnanna. Fundi er lokið með forsvarsmönnum Eirar. Fyrirhugaðir fundir eru vegna stofnanasamninga, lokunar Kumbaravogs, lífeyrismála í nefnd um vaktaskipulag.

- Fundur með sjúkraliðum á Ísafold 18. janúar
- Fundur með sjúkraliðum á Hrafnistu Hafnarfirði 19. janúar
- Fundur með sjúkraliðum á Kumbaravogi?
- Fundur með sjúkraliðum á Austurlandi í byrjun febrúar
- Fundur í vinnuhóp um stubbavaktir?
- Fundur vegna lífeyrissjóðsmála með vaktavinnufélögum?
- Fundur með Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga?

8. Öryggislistar

Farið var yfir vinnuna við yfirlestur öryggislista/verkfallslista og athugasemdir félagsins við listana. Fram kom að á mjög mörgum stofnunum er verið að fara fram á fulla mönnun í verkfalli eða því sem næst. Einnig er oft mikil skörun á störfum hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og ófaglærðra á ákveðnum stofnunum. Nauðsynlegt er að sinna þessari vinnu/vöktun því að ef til verkfalls/a kemur þá eru listarnir mjög mikilvæg gögn varðandi framgang verkfalla.

9. Starfsmat Reykjavíkurborgar

GÖG fór yfir að drög að starfsmati liggi nú fyrir eftir viðtöl við sjúkraliða hjá Reykjavíkurborg. Mötin koma misjafnlega út og vinnur félagið að gerð athugasemda við ákveðna liði í matinu. Rökstuddar athugasemdir verða sendar á matsfulltrúa borgarinnar á morgun.

Önnur mál

- Stjórnarmenn skrifuðu undir prókúru fyrir Sigríði Ríkharðsdóttur.

Fundi slitið kl. 18.00